

Menningarminjar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Tunguveg

Elín Ósk Hreiðarsdóttir



Fornleifastofnun Íslands
FS124-00131
Reykjavík 2000

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
2. Kafli. Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á menningarminjar.....	3
3. Kafli. Fyrri athuganir og skráning	4
4. Kafli. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.....	6
5. Kafli. Skrá yfir fornleifar	6
6. Kafli. Tillaga um aðgerðir.....	30
7. Kafli. Niðurlag	30
Heimildir.....	32

Viðauki

Kort af úttektarsvæðinu

Mynd á forsíðu er af býlinu Kringlu í landi Tungufells.

Inngangur

Fyrirhugaðar eru breytingar á vegastæði Tunguvegar sem tengir saman Skíða- og Svarfaðardalsveg. Nýja vegarstæðið kemur til með að liggja á svipuðum slóðum og vegurinn gerir nú vestan í hálsinum, en þegar austar dregur er áætlað að vegurinn liggi nokkuð norðar en hann gerir nú. Vegagerðin áætlar að leggja nýja brú yfir Svarfaðardalsá fast norðan við brúna sem nú er í notkun og aðra brú tölувert norðan við núverandi brú yfir Skíðadalsá. Veganstæðið sem um ræðir er í landi Hreiðarsstaða, Tungufells og Ytra-Hvarfs.

Haustið 2000 fór Vegagerðin á Akureyri þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún gerði mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á menningarminjar á svæðinu. Í þessari skýrslu er greint frá árangri athugunar á fyrirhuguðu vegastæði.

Þegar lá fyrir svæðisskráning allrar Dalvíkurbyggðar en þá skráningu hafði Fornleifastofnun Íslands gert 1996 að beiðni Héraðsnefndar Eyjafjarðar. Fyrir lá einnig aðalskráning á Hreiðarstöðum en jörðin var skráð sumarið 1999 þegar Upsaströnd, Dalvíkurland og vestanverður Svarfaðardalur inn að Klaufabrekku var skráður á vegum Dalvíkurbyggðar.

Við svæðisskráningu voru kort og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar. Við aðalskráningu voru loftmyndir skoðaðar, rætt var við ábúendur og aðra staðkunnuga á svæðinu, gengið á hvern minjastað og þeir skoðaðir, auk þess sem gengið var eftir fyrirhuguðu vegarstæði og nágrenni þess kannað. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu og hún skoðuð í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda. Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum við umhverfismat,¹ og greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunar, takmörk rannsóknarefnis skilgreind, greint frá fyrri fornleifaathugunum á svæðinu, vettvangsrannsókn lýst, lagt mat á áhrif framkvæmda og gerðar tillögur um aðgerðir. Elín Ósk Hreiðarsdóttir sá um vettvangsvinnu og úrvinnslu skýrslu undir stjórn Orra Vésteinssonar fornleifafræðings en hann hafði einnig gert svæðisskráninguna.

Sérstakar þakkir fá heimildamenn fyrir ómetalega aðstoð og hjálpsemi í hvívetna.

¹ Sbr. Adolf Friðriksson, *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsvegar um Mávahlíð*, Fornleifastofnun Íslandss, Reykjavík, 1997; Sami: *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegastæði Ólafsvíkurvegar og Útnesvegar sunnan Fróðárheiðar*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997.

Fornleifaskráning

2. Kafli. Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á menningarminjar
Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og
hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga
(nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar
fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né
nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað
flytja...". Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 einnig yfir
verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum
verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru
sérstaklega tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á
meðal. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið í þessari nýju
löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á
heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum
víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna
minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi
mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna,
bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum
verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af
seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og
rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir
veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og
bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfir, vörður og vitar og
önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- e. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar,
uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem
tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna
völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða
jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir grefstrunarstaðir úr heiðnum eða
kristnum sið; skipsflök eða hlutar úr þeim.
Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki
heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort

heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd mats á umhverfisáhrifum, líkt og gert er við fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 21. gr. þjóðminjalaga segir m.a.: "Nú telur... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmdum muni leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefjast og á hvaða skilmálum.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð,... skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum."

3. Kafli. Fyrri athuganir og skráning

Fyrstu fornleifikannanir sem kunnugt er um að gerðar hafi verið á svæðinu sem að þessu sinni er tekið til úttektar, gerðu Stefán Þorsteinsson prestur á Völlum og Árni Snorrason prestur í Tjarnar- og Urðaprestakalli árið 1818.² Skýrslur þeirra voru báðar unnar að beiðni hinnar konunglegu nefndar til varðveislu forminja, sem um þær mundir safnaði upplýsingum um minjar í öllum sóknum og hófst þá fornleifaskráning á Íslandi. Stefán greinir frá þónokkrum minjum í sinni sókn en á úttektarsvæðinu er þó aðeins einn staður sem hann tilgreinir (bls. 540):

"... sunnan under Hæd nockurre edur Leite, Hvarf nefndu, þar sem Skíðadalr skér sig frá þeim eiginliga Svarfadardal, í góðu skjóle fyrer Nordannædígum, finnast og siást Merke til margra Garda sem fmsliga liggja og hvör um annan. Einn einaste Madr í Bygdarlagénu hefir gétad géfid mér þá Upplísingu hérum, at hann af Forfedrum sínum - greindum Mönnum - heyrt hafe, þat slíker Gardar hafe af fornmönnum brúkader verit til Sánings og Ræktunar Vaxta þeirra er þeir skyldu hafa gért Öl edur Munngát sitt af."

Árni segir hins vegar að engar minjar finnist í sínum sóknum.

Um miðja 19. öld safnaði Hið íslenzka Bókmennatafélag margvíslegum upplýsingum um land og þjóð í hverri sýslu og sókn. Upplýsingar um Tjarnar- og

² Fornleifaskýrslur Árna Snorrasonar frá 30. júní 1818 og Stefáns Þorsteinssonar frá 16. septembeer sama ár eru prentaðar í: Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823, síðari hluti (1983) Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík (hér eftir FF), bls. 537-540.

Fornleifaskráning

Urðasóknir koma frá séra Kristjáni Þorsteinssyni.³ Kristján gerir úttekt á fornleifum í sóknunum og getur m.a. um þvergarð sem gengur þvert yfir tunguna í landi Tungufells, annan garð sem gengur eftir tungunni endilangri og fjögurra býla sem á tungunni hafa staðið. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hafði hins vegar aðeins getið um tvö forn býli á þessu svæði⁴ og nokkur ruglingur virðist lengi hafa verið um staðsetningu, fjölda og heiti býlanna á tungunni. Engar upplýsingar er að finna í sýslu- og sóknarlýsingum um fornleifar í Vallasókn.

Árið 1865 tók Þorsteinn Þorsteinsson frá Upsum saman ritgerð um örnefni í Svarfaðardal. Ritgerð þessi birtist reyndar ekki á prenti fyrr en í Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1975 og þá með athugasemendum eftir Kristján Eldjárn. Í ritgerðinni er getið um Tungugerði eða Tungukot, rétt og kolagrafir sem á skráningarsvæðinu voru. Er talið að frásögn Kristians Kaalunds um þetta svæði sé byggð á ritgerð Þorsteins.

EKKI er vitað um neinar athuganir á skráningarsvæðinu á fyrri hluta 20. aldar. Um öldina miðja bar það hins vegar til tíðinda að við vegagerð í túnfætinum á Ytra-Hvarfi kom upp kuml. Kristján Eldjárn rannsakaði kumlið og birtist rannsókn hans síðar í bókinni Kuml og haugfé.

Jóhannes Óli Sæmundsson tók á 7. áratugnum saman rit um örnefni í Eyjafirði þar sem m.a. eru talin upp örnefni á skráningarsvæðinu.

Á áttunda áratugnum gerði Kristján Eldjárn úttekt á þeim uslaréttum sem þekktar voru í Svarfaðardal. Kom hann að því tilefni á Ytra-Hvarf og skoðaði uslarétt sem þar er. Á svipuðum tíma voru tóftir tveggja fornþýla, Kringlu og Syðra-Tungukots, í landi Tungufells friðlýstar af þjóðminjaværði, og er ekki að efa að það hafi verið að undirlagi Kristjáns.

Árið 1998 tókst samstarf milli Dalvíkurbyggðar og Fornleifastofnunar Íslands um skráningu fornleifa í Svarfaðar- og Skíðadal. Þá var þegar búið að svæðisskrá allar fornleifar á svæðinu en síðumars 1999 var hafist handa við fyrsta áfanga aðalskráningar. Sumarið 2000 var öðrum áfanga aðalskráningar á svæðinu lokið og er áætlað að verkinu muni ljúka árið 2003.

³ Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmennatafélags 1839-1854, Eyfirzk fræði II, Akureyri 1972, bls. 74-75.

⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, X. Eyjafjarðarsýsla, Kaupmannahöfn 1943, bls. 74-75.

4. Kafli. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar á því svæði sem hið endurnýjaða vegarstæði kemur til með að liggja. Í skránni eru allir þekktir minjastaðir á þeim jörðum sem koma við sögu. Sú leið var valin að merkja inn á afmarkaða loftmynd Vegagerðarinnar á Akureyri alla þá minjastaði sem þekktir eru og þar sjást, jafnvel þó þeir séu fjarri vegarstæðinu og ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Upplýsingar um allar fornleifar sem vitað er um á þessum jörðum er að finna í skránni hér að neðan. Með þessu á að vera tryggt að heildaryfirlit um menningarminjar á svæðinu sé til taks og enn fremur að hægt verði að taka tillit til fornleifa verið breytingar á hönnun vegastæðisins frá þeim tillögum sem nú liggja fyrir.

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar í landi Hreiðarsstaða, Tungufells og Ytrahvarfs. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsns frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Ey-131:001). Í skránni er gefið yfirlit yfir allar þekktar fornleifar á hverri jörð. Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt: fyrst kemur kennitala staðarins í gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands, staðarheiti, tegund fornleifar, hlutverk og hnattstaðan í gráðum og mínutum. Þar næst kemur tilvitnun í heimild ef einhver er, lýsing á staðsetningu, aðstæðum og lokum aðrar upplýsingar, hættumat og heimildaskrá.

Á svæðinu voru samtals skráðir 94 minjastaðir. Í næsta kafla verður fjallað nánar um þá staði sem næstir eru fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en hér er birt heildarskrá yfir alla þekkta staði.

5. Kafli. Skrá yfir fornleifar

EY-131 Hreiðarsstaðir

60 **hdr** **1712** með Hreiðarstaðakoti en 40 hdr. sjálf heimajörðin. Bændaeign. "... ok fór Hreiðarr út til Íslands ok bjó norðr í Svarfaðardal, þar sem síðan heitir á Hreiðarsstöðum, ok gerðist mikill maðr fyrir sér ... Bjó hann til elli í Svarfaðardal, ok eru margir menn frá honum komnir." Hreiðars þáttur, Íslendinga sögur VIII, 325.

16.9.1502 geldur Grímur Pálsson Gottskálk Hólabiskupi 20 hdr í Hreiðarsstöðum, en Jón Vilhjálmsson hafði selt partinn Grími - DI VII, 611.

8.6.1505 sór Björn Jónsson að hann hefði aldrei gefið vitnisburð um jarðakaup Jóns Sigmundssonar og Guðmundar Ólafssonar um 12 hdr í Hreiðarsstöðum - DI VII, 773-74.

6.6.1520 eru Hreiðarstaðir taldir meðal þeirra jarða sem hafði boríð undir Hólastól í tið Gottskálks biskups

Fornleifaskráning

".lxc. vj kugilldi. Landskylld. ij. og keypter af morgum fyrer fulla peninga." DI VIII, 729.

1525 voru Hreiðarstaðir meðal Hólastólsjarða - DI IX, 301.

25.12.1550 eru Hreiðarstaðir, 60 hdr, meðal þeirra jarða sem höfðu burt lögast frá Hólkirkju í tið Jóns Arasonar - DI XI, 873 sbr. DI XII, 460. Stóllinn átti þar þó enn eitt kúgildi - DI XI, 870.

21.9.1551 selur Vigfús Þorsteinsson Margréti Þorvarðsdóttur Hreiðastaði í Urðasókn - DI XII, 309.

8.4.1568 eru kaupin staðfest - DI XV, 77.

2.5.1688 hefur Páll Björnsson fengið sr. Sigurði Jónssyni prófasti 11 hdr í Hreiðarsstöðum - Jarðabréf, 225.

19.5.1703 eiga Sigurður Jónsson og Helga Pálsdóttir "Í Hreiðastöðum í Svarfaðardal xic, leigist fyrir 55 ál., 2 kúg." JÁM XIII, 253.

20.6.1703 á Guðmundur Sigurðsson "Í Hreiðarstöðum xlixc [leiga] 2c 5 ál. [kúgildi] 9." og hafði hún skipst konu hans Guðrúnu Eggerts dóttur til heimanfylgju 1689 - JÁM XIII, 144. Bænhús eða hálfkirkja var á Hreiðarsstöðum.

Talin 25 hdr 1847. Heiðarstaðakot hjáleiga byggð fyrir manna minni 1712. Hreiðarstaðir áttu vetrarbeit í Tungufellshálsi gegn engjaheyskap í s.k. Tungufellsparti. Einnig áttu Hreiðarstaðir skipsuppsátur á Karlsá gegn heyskaparítökum - Ö-Svarf, 321

1917: 6.1 ha. 3/4 slétt. Garðar 225 m2.

1990: "Túnið liggur í hólum og hjöllum á milli fjallsins og Svarfaðardalsár. Syðst er það mjótt og aðkrept milli ár og fjalls en breikkar og breiðir úr sér þegar norðar dregur." BE 1990, 172

Ey-131:001 *Hreiðarstaðir* bæjarstæði bústaður 65°52.524N 18°38.082V

Gamli bærinn, sem merktur er inn á túnakort frá 1917, stendur enn. Hann er spölkorn suðaustan (neðan) við númerandi íbúðarhús. Gamli bærinn stendur fast suðvestan (innan) við bárujárnsklætt hús (vélaskemmu). Bærinn stendur á sléttri flöt og í honum var búið fram til 1970. Bærinn er nú byrjaður að hrynda og hann er á kafi í gróðri. Grunnflötur hans er um 10 X 14 m. Bærinn stendur á fremur sléttu svæði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:002 heimild um bænhús 65°52.460N 18°38.259V

"Hálfkirkja eður bænhús er hjer, en ekki tíðir veittar í manna minni, stendur húsið enn með aðspiljuðum kór." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. Ekki er lengur vitað hvar bænhúsið var en líklega hefur það staðið í námunda við bæinn. Rétt fyrir 1970 stóð til að sléttu aflanga hólinn sem er í túninu suðvestan (innan) við gamla bæinn (001). Þegar farið var með jarðýtu á svæðið sem er í námunda við símastaur (um 10 m neðar) á hólnum var komið niður á mikið magn af mannabeinum. Vegna þessa var framkvæmdum hætt og ekki hefur verið hreyft við hólnum síðan. Beinin fundust í hól sem er aflangur (inn-út) og var beinafundurinn í um 80 m fjarlægð frá gamla bænum 001.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 322 og JÁM X: 62

Ey-131:003 heimild um útihús 65°52.489N 18°38.148V

Um 40 m suðvestan (innan) við gamla bænn (001) og um 8 m norðaustan við 004 er dæld eftir byggingu sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Dæld þessi er í norðaustur jaðri hóls sem á þessu svæði liggur suðvestur-norðaustur (út-inn). Dældin er norðarlega í hólnum en er nú að miklu leyti rofin eða blásin. Hún er eftir hlaðna súrheysgryfju. Stærð hennar er um 4 X 4 m.


Heimildir: Túnakort 1917

Tunguvegur

Ey-131:004

útihústóft

65°52.457N 18°38.221V



Gamli bærinn (001) stendur neðarlega í túni. Suðvestan (innan) hans er lægð í túninu en suðvestan hennar aflangur hóll sem snýr SV-NA (út og inn). Yst (norðaustast) á þessum hól var útihús (003) samkvæmt túnakorti frá 1917, en annað útihús var um 8 m suðvestar (innar). Á þessum stað eru gróin tóftarbrot. Tóftarbrotin eru nokkuð stór og standa á grónum hól í sléttuðu túni. Tóftin er alveg gróin og þó erfitt sé að greina nákvæmlega innri lögun tóftanna þá eru útlínur hennar nokkuð skýrar. Tóftin er um 10 X 20 m á stærð og skiptist í allt að 6 hólf.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:005 heimild um útihús
65°52.520N 18°38.154V

Um 30 m norðaustan (utan) við gamla bæinn (001) og 10 m norðvestan (ofan) við nýleg fjárhús var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þau hafa verið um 20 m suðvestan (innan) við vegarslóða sem liggur frá íbúðarhúsinu á Hreiðars töðum að

fjárhúsunum. Á þessum stað er nú slétt grasflöti.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:006 heimild um fjárhús 65°52.529N 18°38.191V
Á svipuðum stað og fjósið stendur nú, eða um 80 m norðan (ofan og utan við) við gamla bæinn (001), var fjárhús, kviar og hlaða. Ekkert sést nú til þessara bygginga. Þar sem fjárhúsin voru áður er nú steypt fjós eða í norðurjaðri þeirra.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:007 heimild um útihús 65°52.561N 18°38.180V
Á svipuðum stað og fjósið stendur nú, eða um 80 m norðan (ofan og utan) við gamla bæinn (001), var útihús 5-7 m ofan við 006. Ekkert sést nú til þessa húss. Á þeim stað sem fjárhúsin voru áður er nú steypt fjós eða í norðurjaðri þeirra.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:008 heimild um útihús 65°52.564N 18°38.173V
Útihús var um 70 m norðan við 006 og 007 á stað þar sem nú er ávöl hæð í túni. Útihúsið var um 30 m vestan (innar og ofar) við 009. Þar sem útihúsið var eru nú sléttuð tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:009 heimild um útihús 65°52.608N 18°38.112V
Um 80 m frá kálgarðinum sem merktur er inn á túnakort frá 1917 og sést enn, var áður útihús. Útihúsið var um 65-70 m norðan við 006 og 007. Húsið er löngu horfið en þar sem það hefur staðið er dældótt hæð í túni. Útihúsið stóð þar sem nú er hæð með dældum í en allt í kring eru rennislétt tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:010 heimild um útihús 65°52.592N 18°38.017V
Um 20-25 m austan (utan og neðan) við 009 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessum stað er

Fornleifaskráning

hæð í túni og á henni má greina nokkrar dældir þar sem útihúsið hefur staðið. Á 1-2 stöðum má sjá óljósar steinhleðslur í grasróttini. Útihúsið var þar sem nú er dældótt hæð í sléttu túninu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:011 heimild um útihús 65°52.503N 18°38.30V
Nálægt 15 m suðaustan (neðan) við gamla bæinn (001) var fiskihjallur sem merktur er inn á túnakort frá 1917. Á þessum stað er nú óræktarsvæði neðan við gamla bæinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Ey-131:012 *Jónshús* heimild um útihús 65°52.525N 18°38.288V
"Sunnan við bæ er Svíri og Jónshús (peningshús) upp frá því." segir í örnefnalýsingu. Jónshús stóðu á Jónshúshóli, þar sem íbúðarhúsið stendur nú. Engar leifar Jónshúss eru merkjanlegar lengur enda hefur bygging íbúðarhúss á staðnum eyðilagt það sem fyrir var.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 321

Ey-131:013 *Oddsgerði* örnefni fjárhús 65°52.571N 18°38.159V
"Út og upp frá bæ, utan Bæjarlækjar, heitir Oddsgerði." segir í örnefnalýsingu. Geitarhúsin stóðu á hól, utan og neðan við fjósið, í miðju túni. Engin merki þeirra sjást lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 321

Ey-131:014 *Geitarhús* geitakofatóft 65°52.501N 18°37.876V
"Í Tungufellsparti eru Geitarhúsabrot ..." segir í örnefnalýsingu. Geitarhúsin stóðu á hól, utan og neðan við fjósið, í miðju túni. Engin merki þeirra sjást lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 321

Ey-131:015 *Tófukofanef* örnefni skotbyrgi 65°52.470N 18°37.871V
"Í Tungufellsparti eru Geitarhúsabrot og niður frá þeim gengur Tófukofanef fram í ána." segir í örnefnalýsingu. Engin merki tófukofa eru á árbakka Svarfaðardalsár í landi Hreiðarsstaða en nef gengur út í ánnu um 50 m sunnan við brúna sem er á ánni í landi Hreiðarsstaða.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 321

Ey-131:016 *Réttarhvammur* heimild um rétt 65°52.575N 18°37.714V
"Utan við [Tungufellspart] er Réttarhvammur, en þar var áður fjárrétt, rétt ofan við hvamminn." segir í örnefnalýsingu. Réttarhvammur er 10-20 m norðan við brúna á Svarfaðardalsá í landi Hreiðarsstaða. Þar sem réttin var áður er nú ræktað grænföður. Síðasta réttin sem stóð á þessum stað var úr tré.

Hættumat: mikil hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Svarf, 321

Ey-131:017 garðlag landamerki 65°52.653N 18°37.106V
"... nyrzti og neðsti hluti engjanna heitir Merkisnef, en þar er komið að landamerkjagarði á þverámerkjum." segir í örnefnalýsingu. Á merkjum við þverá er nú skurður og engin merki garðsins eru greinileg. Skurður á merkjum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 321

Ey-131:018 frásögn af öskuhaug 65°52.504N 18°38.147V
Suðvestan (innan) við gamla bæinn (001) og suðaustan við trjáreitinn, sem er við hlið gamla bæjarins, var öskuhaugur. Svæðið sem haugurinn var á er hæð og brekka fram undan hæðinni. Svæðið er grasi gróið. Lítill merki um hauginn sjást nú enda hefur hóllinn sjálfur verið skemmdur. Ekki var þó grafið ofan í hólinn


Tunguvegur

og því leynast leifar öskuhaugsins sjálfsagt undir yfirborði jarðar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 322

Ey-131:019



tóft ekki vitað 65°52.649N 18°39.469V
 Á árbakkanum upp af Svarfaðardalsá er tóft. Vestan við ána er sléttur árbakki sem nær um 100 m til vesturs. Þá tekur við brekka eða hólasvæði um 150 m sunnan við merki við Þverá. Suðvestan við neðsta hólinn eru tóftir. Tóftin er um 150 m sunnan við merki og um 100 m vestan við Svarfaðardalsá í dæld milli hóla. Tóftin stendur í dæld milli hóla. Tóftin er tvískipt og er 5 m að breidd og 6 m á lengd. Ekki er lengur hægt að greina hvar opið á tóftinni var.

Hættumat: engin hætta

Ey-131:020

náma mógrafir 65°52.601N 18°38.353V
 5-10 m norðvestan (ofan) við þjóðveginn, beint ofan við bæinn (001) sjást enn greinileg merki mjög djúpra svarðargrafa. Umhverfis grafirnar eru sléttuð tún. Grafirnar eru a.m.k. 20 X 15 m að stærð og eru mjög djúpar þratt fyrir að heyi og fleiru hafi verið kastað ofan í grafirnar á liðnum árum. Grafirnar eru um 1,5 m djúpar.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 322

Ey-131:021


gata leið 65°52.506N 18°38.048V

Inn á túnakort frá 1917 er merktur upphlaðinn vegur sem enn sést greinilega norðarlega í túni. Vegurinn sést rétt norðan við gamla bæinn (001) og liggur til norðurs langleiðina í átt að brúnni á Svarfaðardalsá. Vegurinn liggur að mestu yfir sléttuð tún. Vegurinn er upphlaðinn. Hann er grasi gróinn og er um 2-3 m á breidd en 0,6-0,7 m á hæð.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Ey-131:022

garðlag



kálgarður 65°52.523N 18°38.319V
 Beint ofan við 004 en neðan við íbúðarhúsið eru leifar kálgarðs. Garðurinn er í brattri brekku. Garðurinn er um 15 m á lengd en 10 m á breidd. Hann er grjóthlaðinn og er tæpur 1 m á breidd en 0,3 m á hæð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-131:023 *Draughóll* þjóðsaga

legstaður 65°52.581N 18°38.489V
 "Sunnan við bæjarlæk í Hreiðarstaðakoti heitir Draughólsengi og er Draughóll syðst í því ... Munnmælin herma, að Hreiðar heimski sé heygður í Draughólnum." segir í örnefnalýsingu. Draughóll er í raun í landi Hreiðarsstaða en nálægt merkjum við Hreiðarsstaðakot. Höllinn er um 20 m vestan við þjóðveg. Fast vestan við Draughóllinn er garðagið (025). Höllinn er grasi gróinn en umhverfis eru þýfðir hagar. Ekki ganga neinar sögur um hólinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 322

Ey-131:024

náma mógrafir 65°52.805N 18°37.954V

Rétt norðvestan (ofan) við þjóðveginn og norður undir merkjum við Þverá eru greinilegar svarðargrafir. Umhverfis svarðargrafirnar eru þýfðir hagar. Grafirnar eru um 25 m á lengd en 10 m á breidd. Dýpt þeirra er um 0,9 m.

Hættumat: engin hætta

Ey-131:025

garðlag

65°52.601N 18°38.530V

Fornleifaskráning

5-10 m norðvestan (ofan) við Draughól er garðlag sem liggur skáhalt norður-suður á móasvæðinu. Garðurinn liggur yfir móasvæði. Garðurinn er 1,5 m á breidd og um 0,8 m á hæð. Hann er mjög greinilegur í 30-40 m og fjarar þá út þó óljós megi greina hann á ýmsum öðrum stöðum. Mögulegt er að garður þessi hafi verið einhvers konar náttthagi eða vörlslugardur.

Hættumat: engin hætta

Ey-131:026

stekkjartóft


Stekkjarleifar eru á grasi gróinni hæð efst í myrti ofan við þjóðveginn. Stekkjartóftin er nærrí því að vera til móts við hlöðu á Hreiðarsstöðum. Tóftin er 2 m neðan við fjallgirðingu og 500-600 m norðan (utan og ofan) við Hreiðarsstaði. Stekkjartóftin er á hæð og umhverfis hana er fremur slétt graslendi. Tóftin er 6 X 12 m að stærð og er tvískipt. Op er á norðvesturhlíð. Tóftin er um 0,8 m á hæð og nokkuð ber á grjóthleðslum í henni. Tóftin samanstendur af löngu og mjóu, ferhryrningsлага hólfí

og öðru hringlaga inn af því.

Hættumat: engin hætta

65°52.710N

18°38.641V



Ey-131:027


stekkjartóft

Stekkjarleifar eru nálægt merkjum Hreiðarsstaða og Þverár. Tóftin er um 50 m sunnan við merkin og 20-30 m neðan við fjallgirðingu. Umhverfis tóftina eru þýðir móar. Stekkurinn er tvískiptur. Nyrðra hólfifið skiptist í tvennt og er annað þeirra með garða eftir miðjunni. Syðra hólfirnir er einnig skipt í tvennt. Stekkurinn er 10 X 10 m að stærð og veggir um 0,4 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

65°52.916N

18°38.511V



EY-149 Tungufell

30 hdr. 1712. Bændaeign. Krákustaðir og Tungukot voru eyðibýli 1712. Önnur Tungukot tvö hafa einnig verið hjáleigur sem og Kringla. Nafnið Krókar er einnig til, líklega á einu Tungukotanna. Bænhús var á Tungufelli. Jörðin fór í eyði 1984.

1917: 6.2 ha. Garðar 425 m2. 1839: "Út af [lyng- og kvistmóum í Stólsöxl] liggja flatar eyrar með nokkrum graslendi, nú orðnu kvistblönduðu ... úr [Stólgili] hlaupa [endrum og sinnum] skriður ofan á undirliggjandi slægju- og beitilönd ..." SSE, 74-75;

1990: "... túnið liggur umhverfis bæinn og niður með ánni. Auk þess hafa ábúendur í Hreiðarsstaðakoti ræktað stórt tún á Tungunum norðarlega í landi Tungufells." BE 1990, 247

EY-149:001 *Tungufell*

bæjarhóll

bústaður

65°51.905N

18°38.596V

Gamli bærinn (001) virðist hafa staðið á svipuðum stað og steinsteypt íbúðarhús, sem nú stendur í Tungufelli. Þetta má m.a. ætla að afstöðu við túngarðinn sem sýndur er á túnakorti og hefur verið umhverfis allt túnið en merki hans eru enn greinileg á stórum parti. Steinsteypa íbúðarhúsið (sem nú er notað til sumardvalar því ekki er lengur búið í Tungufelli) er með steinsteyptum kjallara og því er líklegt að þær mannvistaleifar sem kunna að hafa verið í hólnum séu að miklu leyti skemmdar. Lág hæð er þar sem bærinn stendur en umhverfis íbúðarhúsið er sléttuð grasflót.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Tunguvegur

EY-149:002 *Bænhúshóll* heimild um bænhús $65^{\circ}51.860\text{N}$ $18^{\circ}33.533\text{V}$
6.6.1409: sagði ion [Sighvatsson seljandi] at tvngvfelli veri bænhvskylld; Vottorð DI III 722 [kaupin fóru fram 1404]

1712: Hálfkirkja eður bænhús er sagt hjer hafi að fornu verið, og heitir hjer ein tóftarrúst með lit[ll]ri girðing í kríng Kirkjutóft; JÁM X: 74

"Ofantil í túninu er Bænhúshóll, enda er talið að þar hafi verið bænhús fyrr á öldum (sjá Örnefnasögur)." segir í örnefnalýsingu. Engar sagnir eru nú til um hvar bænhúsið stóð nákvæmlega og eina vísbindingin er Bænhúshóll sem er sagður ofantil í túninu. Túnið er nú í órækt og er ekki nýtt. Það er í aflíðandi halla milli túngarðs og steinhússins (þar sem 001 var). Í túninu eru einstaka bungur eða smáhólar sem mögulegt er að sé umræddur Bænhúshóll.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 298

EY-149:003 heimild um útihús $65^{\circ}51.869\text{N}$ $18^{\circ}38.606\text{V}$
 15 m vestuðvestur af gamla bænum (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það er beint suður af bílastæðinu við steinhúsið sem nú stendur. Á þessum stað er nú steinsteypt hús sem er hrunið að hálfu leyti. Um 5 m til norðurs fellur lítill lækur milli hússins og íbúðarhússins sem nú stendur í Tungufelli. Ofan við þar sem húsið hefur staðið er túnið þýft og í órækt. Ekki sést til gamalla tófta og verið getur að útihúsið hafi staðið þar sem hið hálfrunda steinhús er nú.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-149:004 útihús $5^{\circ}51.845\text{N}$ $18^{\circ}38.600\text{V}$
 Um 65 m suðvestur af gamla bænum (001) standa útihús úr torfi og grjóti með burstum undir þaki. Húsin standa á lágum hól í brekkunni um 15-20 m neðan (norðvestan) við túngarðinn. Fífa og sóleyjar vaxa í hólnum ólíkt því sem er annars staðar í túninu til vesturs og austurs. Smálækur fellur í hvilft 5 m suðvestur af húsunum. Útihúsin eru að hruni komin en ekki er vitað hvort núverandi bygging sé sú sama og merkt er inn á túnakort frá 1917. Ef svo er hefur húsunum verið haldið við allt þar til bærinn lagðist í eyði. Steinhleðslurnar eru heillegar en timburgrendin og bárujárnsþakið hangir ekki uppi nema að hluta og er þakið fallið yst í suðvesturhorni hússins. Garðar eru í húsinu og eru þeir grónir. Húsið er 15 X 13 m að utanmáli.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917

EY-149:005 heimild um útihús $65^{\circ}51.850\text{N}$ $18^{\circ}38.572\text{V}$
 Um 70 m suður af gamla bænum (001) og um 20 m ANA af 004 var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið hefur verið um 60 m beint ofan við 003. Grasi vaxinn slakki niður af túngarðinum. Til norðausturs er 5 m djúp dæld í brekkunni en lengra til norðausturs (um 25 m) er hóll sem er vaxinn grasi og fífu. Ekki sést móta fyrir hleðslum en þó er túnið aðeins naktara á þessum stað og sést í mold, jafnframt því að jörðin er harðari. Líklegt er að leifar útihúsanna séu í sverðinum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-149:006 heimild um útihús $65^{\circ}51.881\text{N}$ $18^{\circ}39.494\text{V}$



60-70 m norðaustan við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsin voru uppi á hól og má greina hvar þau hafa staðið þó greinilega hafi verið sléttar yfir tóftirnar. Þar sem húsin hafa staðið hefur jörð sigið og því er lag þeirra nokkuð greinilegt í grösugum hólnum. Tóftirnar hafa verið á grösugum hól í túninu sem nú er komið í órækt. Tóftin virðist hafa verið um 7 X 7 m að stærð og skipst í tvö hólf. Syðra hólfid hefur snúið austur-vestur en það ytra norðursuður. Annað verður ekki sagt um þessar leifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

Fornleifaskráning

EY-149:007

heimild um útihús

65°51.894N

18°38.419V

Um 50 m utan við 006 og um 110 m norðaustan við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar sem útihúsin hafa staðið er nú sléttuð hæð í túni og engin merki um útihúsin eru greinanleg.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-149:008

heimild um útihús

65°51.935N

18°38.450V

Um 105 m utan við gamla bæinn (001) og um 45 m sunnan við túngarðinn voru útihús sem merkt eru inn á túnakort frá 1917. Engin merki húsanna eru greinileg nú. Þar sem húsin stóðu er nú sléttuð hæð í túni sem komið er í órækt. Á hólnum er rafmagnslínustaur en hann er vaxinn fremur strjálu og stuttu grasi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-149:009 Rásugerði

heimild um hesthús

65°51.918N

18°38.374V

"Yzt og efst í túni heitir Rásugerði, en annað nafn er einnig á þeim túnhluta: Þilhúsvöllur, nefndur svo eftir hesthusi með þili að framan (fágætt þá)." segir í örnefnalýsingu. Þilhúsvöllur var norðaustast í túninu og gæti verið að þau hús sem þar hafa staðið séu hin sömu og 007. Ekki er þó hægt að fullyrða um það þó vissulega hafi þau staðið á svipuðum stað. Við túngarð efst í túni. Umhverfis eru sléttuð tún sem eru komin í órækt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 298

EY-149:010 Tungurétt

hleðsla

rétt

65°52.041N

18°36.423V

"Á merkjum Dælis og Tungufells austur við Skíðadalsá eru Dælishólar. Þar utan við er Tunguréttin, fjárrétt heraðsins. Yzt heitir Tungusporður eða Flötutungur. Hefur verið réttað í Tungum síðan í fornöld, því að Svarfdæla getur um "logréttir úti í tungunni." segir í örnefnalýsingu. Þorsteinn Þorsteinsson skrifar um réttina um 1865: "Enn sést móta fyrir réttinni austur við Skíðadalsá rétt á veginum fram í Skíðadal, í hvammi djúpum fram við Dælishóla og er hvammurinn kallaður Kaupstaðshvammur. Hefur áin brotið af hálfa girðinguna eður réttina svo varla verður mæld stærð hennar. Réttin hefur verið kringlótt og á að giska að hún hafi verið í þvermál 8-10 faðma, þar sem hún hefur verið breiðust, hefur þá líklegast verið réttað þar úr báðum dölunum." Tunguréttin stendur nú á Barði austan við þjóðveg. Réttarhvammur hefur ýmist verið sagður norðan og sunnan þessa barðs en sitt hvorum megin við hann eru hvammar. Kristján Eldjárn segir í Greinagerð og athugasemdum um örnefnaskrá Þorsteins að hvammurinn væri sunnan við réttina sem nú stendur á barðinu og þar greindi hann leifar réttarinnar. Einu mannvistarleifarnar sem eru greinilegar í hvamminum sunnan steyptu réttarinnar eru alveg syðst í hvamminum. Þar sést garðlag eða hleðsla á um 27 m kafla. Leifar þessar eru þó um 10-20 m vestan við ánnu. Hvammurinn er grasi vaxinn langleiðina að ánni. Þar sem brotið stendur þrengist hvammurinn mjög og fjarar út. Vestan við er grösug brekka en austan við áin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 298; ÍF IX, 164; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Greinagerð og athugasemdir Árbók 1975, 119.

EY-149:011 Krákustaðir

heimild um býli

65°52.504N

18°37.118V

"Krakustader og Tungu kot kallast nú tvö forn eyðiból hjer í landinu út frá jörðunni, og eru á þeim báðum sýnileg byggíngamerki tófta og girðinga leifa. Ekki má þessi eyðiból aftur byggja fyrir heyskaparleysi. Túnin eru og mestan part upplásin." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Fyrir sunnan þvergarð á tungunni að vestanverðu hafa ogsvo staðið önnur 2 kot, kölluð Kringla og Krákustaðir, sem eru sunnarlega á tungunni. Skammt þar fyrir utan stendur jörðin Tungufell ..." segir í sóknarlýsingu frá 1839. - Ekki er nú vitað hvar í Tungunni Krákustaðir hafa verið. Tvö býli virðast hafa verið í Tungunni "út frá jörðinni", ... norðan við aðaljörðina, Krákustaðir ..." Heimildum ber ekki saman um hvort Krákustaðir hafi verið sunnan eða norðan við Tungufell. Þýlin þrjú sem full viteskja er um í landi Tungufells hafa öll staðið norðan við bæinn og virðist af flestum heimildum að ráða að Krákustaðir hafi staðið á svipuðum slóðum. Engin merki eru greinileg um þetta býli nú og ekki er nákvæmlega vitað hvar það hefur staðið. Leifar stekkjarins 017 gæti auðveldlega verið leifar þessa býlis. Stekkurinn stendur á hól og nokkrar leifar garðlags umhverfis hann er greinilegt og aðstæður því ekki ólíkar og á býlunum tveim sem þekkt eru og friðuð.

Tunguvegur

Hættumat: hætta vegna vegaframkvæmda
Heimildir: JÁM X, 75; SSE, 74; Ö-Svarf, 298

EY-149:012 Tungukot ytra garðlag býli 65°52.517N 18°36.587V
"Þat var því næst, at hestaþing var nefnt uppi fyrir Tungugerði ..." segir í Svarfdæla sögu. "Krakustader og Tungu kot kallast nú tvö form eyðiból hjer í landinu út frá jörðunni, og eru á þeim báðum sýnileg byggíngamerki tófta og girðinga leifa. Ekki má þessi eyðiból aftur byggja fyrir heyskaparleysi. Túnin eru og mestan part upplásin." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Heimar á tungunni, fyrir utan þvergarð nokkurn, sem liggur þvert yfir tunguna millum árbakkanna, hafa í fyrndinni staðið tvö kot, sem hafa verið kölluð Krókar og Tungukot, löngu fyrir allra núlifandi manna minni eyðilögð og með öllu nú óbyggileg." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Ekki er fullvist að Tungukot og Krókar sem talað er um í sóknarlýsingunni séu sömu staðir og Tungukot ytra og Tungukot syðra 014 þó það verði að telja líklegt og að Krókar séu þá sama og Tungukot syðra. "Tvö býli virðast hafa verið í Tungunni "út frá jörðinni", ... norðan við aðaljörðina, Krákustaðir og Tungukot, eða Ytra-Tungukot (Tungugerði, síðast Ytrakot)." segir í örnefnalýsingu. Tungugerði ytra eða Ytrakot mun sami staður og hestaþingsstaðurinn Tungugerði sem um getur í Svarfdæla sögu. Á Ytrakoti stóð þinghús hreppsins allt fram undir aldamótin 1900. Þar er töluberður túnblettur og leifar sjást þar af vallargarði umhverfis. Þorsteinn Þorsteinsson ritar um 1865: "Fyrrum bær byggður í Tungunni eður Tungunum skammt fyrir utan Kaupstaðshvamm. Þessi jörð hefur verið í eyði mörg ár; enn sjást þó merki fyrir túnstæði og bæjartóftum, sem allar eru vallgrónar. Þessi jörð er í Tungufellslandi. Á Tungukoti eður þar nálægt hefur stundum sést málmlogi í myrkri og dimmviðrum frá bæjum sem næstir eru, en menn ekki getað glöggvað hvar helst það hefur verið svo grafið hafi orðið eftir því." Tungukot ytra stóð þar sem þinghús Svarfdælinga stóð síðar. Skilti er norðan við þjóðveg sem bendir í átt að þinghússtæðinu en það er um 150 m norðan við þjóðveginn. Um 70 m suðvestan við staðinn er malarnáma. Svæðið sem býlið og síðar þinghúsið stóð á er mjög raskað og sjást litlar mannvistarleifar á þessum slóðum. Einu hugsanlegu leifar býlisins er það sem virðist vera um 15 m spotti af garði sem liggur í átt að Skíðadalsá.

Hættumat: mikil hætta vegna vegagerðar

Heimildir: ÍF IX, 193; JÁM X, 75; SSE, 74; Ö-Svarf, 298; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 130

EY-149:013 Kaupstaðshvammur örnefni 65°52.190N 18°36.396V
Þorsteinn Þorsteinsson ritaði um örnefni í Svarfaðardal um 1865: "ENN sést móta fyrir réttinni austur við Skíðadalsá rétt á veginum fram í Skíðadal, í hvammi djúpum fram við Dælishóla og er hvammurinn kallaður Kaupstaðshvammur. ... Gömul munnmæli eru að Strandamenn og Dala hafi skipst þar á skreið og sauðfé á haustin við réttina, og er sú sögn líkleg, því nafnið bendir líka til þess." Tunguréttin stendur nú á Barði austan við þjóðveg en Kaupstaðarhvammur hefur bæði verið sagður norðan og sunnan þessa barðs en sitt hvorum megin við hann eru hvammar. Kristján Eldjárn segir í Greinagerð og athugasemdum um örnefnaskrá Þorsteins að hvammurinn væri sunnan við réttina sem nú stendur á barðinu og þar greindi hann leifar réttarinnar. Einu mannvistarleifarnar sem eru greinilegar í hvamminum sunnan steyptu réttarinnar eru alveg syðst í hvamminum. "Kaupskapshvammur heitir stór og skeifumyndaður grashvammur í Tungusporðinum við Skíðadalsá utar en Tunguréttin. Þar halda menn að hafi verið verzlunarstaður til forna, meðan Svarfaðardalsáin var fær hafskipum þangað inn eftir (?). Í Svarfdælu er talið að smíðað hafi verið skip í Tungunni ... Annars staðar í sögunni er að vísu sagt að skipið hafi verið flutt til sjávar á ísum. Glögg merki finnast þess, að sjór hafi gengið upp að Tungum, því að brimsorfíð grjót og skeljar hafa fundizt þar í bökkunum." Kristján Eldjárn segir um þetta: "Þetta er ekki rétt staðsetning. Hvammurinn er rétt fyrir sunnan (ekki utan við) réttina." Hvammurinn er grasi vaxinn langleiðina að ánni. Þar sem brotið stendur þrengist hvammurinn mjög og fjarar út. Vestan við er grösug brekka en austan við áin. Engar minjar eru sjáanlegar um verslun á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 298; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Greinagerð og athugasemdir Árbók 1975, 118-19 nmgr. 24


EY-149:014 Tungukot syðra býlistóftir 65°52.210N 18°36.709V

Fornleifaskráning

"Heimar á tungunni, fyrir utan þvergarð nokkurn, sem liggur þvert yfir tunguna millum árbakkanna, hafa í fyrndinni staðið tvö kot, sem hafa verið kölluð Krókar og Tungukot, löngu fyrir allra núlfandi manna minni eyðilögð og með öllu nú óbyggileg." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Krókar þessir munu sami staður og nú er nefndur Tungukot syðra. "Rétt fyrir ofan Kaupskapshvamm [013] eru vallgrónar tóftir og brot af túngarði á Syðra-Tungukoti (Syðrakoti)." Um 150 m vestan við veg sem liggur inn í Skíðadal og um 200 m suðvestan við Tungurétt sem nú stendur steyppt eru leifar Syðra-Tungukots. Umhverfis kotað liggur sporöskjulaga túngarður sem umlykur 120 X 70 m svæði. Umhverfis eru lyngivaxnir móar og nokkuð þýflent.

FRIÐLÝSTAR MINJAR.
 Bæjartóftin er sjálf um 7 X 9 m að stærð og er hún tvískipt. Op er á tóftinni til austurs og vesturs. Um 5 m norðan við tóftina en á sömu hæð er önnur tóft, minni (3,5 X 7 m). Í henni er garði í miðjunni og op er á henni til suðurs. Tóftirnar eru mest 0,6 m á hæð.

Hættumat: hætta vegna vegar
Heimildir: SSE, 74; Ö-Svarf, 298



EY-149:015

tóft

65°51.840N

18°38.507V

Um 100 m suðsuðaustur af núverandi íbúðarhúsi í Tungufelli og um 5 m ofan við túngarð sem enn sést eru leifar af lífili tóft. Hún hefur verið fast utan við óljósan vegarslóða sem sýndur er á túnakorti frá 1917. Í þýfðu grasi vöxnu landi beint ofan við túngarðinn. Tóftin liggur í hálfring og er op á henni mótt vestri. Hleðslur standa algrónar og er tóftin lægri syðst en hæst nyrst (þ.e. næst túngarði).


Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 298

EY-149:016 Kringla


býlistóftir

65°52.449N

18°37.630V



Tunguvegur



"Fyrir sunnan þvergarð á tungunni að vestanverðu hafa ogsvo staðið önnur 2 kot, kölluð Kringla og Krákustaðir, sem eru sunnarlega á tungunni. Skammt þar fyrir utan stendur jörðin Tungufell ..." segir í sóknarlýsingu frá 1839. "Við Svarfaðardalsá er hólapyrping, sem nefnist Kringluhólar. Sunnanvert í þeim er eyðibýlið Kringlukot. Stóðu þar enn grjótveggir skömmu eftir síðustu aldamót. Umhverfis kotað er túnskiki með nálega jarðsoknum túngarði í kring." segir í örnefnalýsingu. Býlið hefur verið um 1,2 km utan við gamla bæinn (001). Rústir Kringlu eru friðlystar og óskemmdar þrátt fyrir að vegir liggi skammt norðan og vestan við bæinn. Tóftin og hringlaga garðlag í kring er um 20 m sunnan við veginn sem liggur fram í Skíðadal og um 10 m austan við

vegaslöða sem liggur að Tungufelli og Melum. Tóftin er greinileg frá veginum og eru tvö friðlysingarskilti á henni, annars vegar í bæjartóft og hins vegar í túngarði. Tóftin er í lyngivöxnum bala en skammt norðaustan við er melhóll. Til stendur að breyta vegarstæðinu á þessum slóðum og gæti það haft hættu í för með sér fyrir tóftina.

Túngarðurinn umhverfis tóftina er um 35 m (norður-suður) og um 40 m (austur-vestur) að stærð. Tóftin er á hæð sem er um 10×15 m að stærð. Hún virðist skiptast í 3 hólf og er lítil og gróin. Óp hefur líklega verið á austurvegg. Garðurinn umhverfis er nokkuð mismikið útfattur en er að jafnaði um 2-3 m á breidd en 0,3 m á hæð. Innan "túns" á þessum stað er mjög þýft.

Hættumat: mikil hætta vegna vegaframkvæmda

Heimildir: SSE, 74; Ö-Sarf, 298


Fornleifaskráning

EY-149:017 Stekkur

stekkjartóft

65°52.150N

18°38.192V



"Austur frá [Brúarhólum] miðjum er Stekkjarsund og við það líttill hóll, Stekkurinn, og annar stærri norðar, Stekkjarhóllinn ... Ofan við [Breiðasund og Miðsund] er Stekkjarhæð, skammt frá heimatúninu. Þaðan sést vel til Stekkjarins." segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er nærrí því að vera 550 m utan og neðan við gamla bæinn (001). Hann sést enn um 100 m neðan við veginn að Tungufelli og Melum og hann er um 150-200 m norðan við túngarðinn í Tungufelli. Tóftin er á afgerandi hól og rétt norðan við eru tveir aðrir hólar þar sem tóftir gætu hafa verið áður en þær eru nú ekki merkjanlegar enda hólarnir mjög þýðir. Stekkjartóftin er enn greinileg og sömuleiðis garðlag sunnan við tóftina, sem liggur skáhallt framhjá henni til norðausturs og endar um 10 m neðan við veg. Stekkjartóftin er greinileg frá veginum. Tóftin er á hæð sem er á kafi í grasi og öðrum gróðri. Neðar er raklent en að veginum eru grasi- og lyngivaxnir móar. Tóftin er á hæð en um 20 m norðar er önnur, stærri tóft. Ekki eru greinanlegar tóftir á ytri hólnum en hann

Tunguvegur

er á kafi í grasi. Tóftin er um 8 X 6 m og virðast hafa verið tvískipt. Ekki er greinanlegt op á henni. Garðlagjöld er hins vegar um 100 m að lengd en nokkuð útflett á köflum. Ekki er óhugsandi að býlið Krákustaðir 011 hafi verið á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 299

EY-149:018 *Prettalaut* þjóðsaga vígi 65°51.580N 18°38.070V
"Við fjallsræturnar er löng og djúp laut, með klettum á einum stað. Heitir hún Prettalaut (Prettalág). Austurendi hennar er mjór og kallast Lokugörn. Óljós munnmæli eru til um það, að þarna hafi verið barizt og margir fallið. Augljóst er, að laut þessi hefur hentao vel til fyrirsátar." segir í örnefnalýsinu. Prettalaut er ofarlega í hálsinum og er klettabelti ofan við lautina að sunnan, aðeins austar en fyrir lautinni miðri. Lautin hefur verið góð til að hyljast í því hvorki er sýnilegt ofan í hana frá Svarfaðardal né Skíðadal. Rafmagnsstaurar ganga þvert yfir hálsinn skammt norðan við lautina. Efst í henni sjást greinilegar leifar af gömlu reiðagötunum sem lágu um hálsinn (sjá Koppagötur í landi Dælis). Lautin er vaxin lyngi og nokkuð þýfð. Í henni eru nokkrar lágar hæðir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 299

EY-149:019 *Þvergarður* garðlag 65°52.159N 18°36.723V
"Frá [Kaupskaps]hvamminum [013] liggur forn og furðumikill garður upp að Þilhúsvelli. Hann nefnist nú Hagagarður, en í fornu jarðaskiptabréfi kallast hann Þvergarður. Það var alvenja, svo langt, sem elztu menn mundu í byrjun þessarar aldar, að Tungufellsföld var rekið til beitar á vetrum eftir garði þessum og út í Tunguna, því að þar var kjarngott beitiland. Og ekki hefur það verið lakara í þann tíð, sem skógur var um allt þetta svæði, en um það vitna birkilurkar og gildar trjáætur, sem víða hafa fundist um Tunguna." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Þvergarðurinn er mjög greinilegur og sést hann frá veginum inn Skíðadal að þeim stað þar sem réttin stendur nú. Garðurinn sést óljóst neðan við veginn inn Skíðadal en kemur í ljós skammt ofan (vestan) hans og er greinilegur þaðan yfir í Svarfaðardal. Hann liggur um 50 m sunnan við Syðra-Tungukot. Garðurinn liggur að mestur yfir lyngivaxinn hálsinn. Undanfarna áratugi hefur garðurinn verið notaðar sem göngu- og reiðgarður. Hann er um 2,5-4 m á breidd og er um 0,8 m á hæð. Garðurinn er 750-850 m á lengd. Nokkur nafnaruglingur virðist vera á garðlögunum í landi Tungufells og Dælis. Á þessu svæði eru 3 garðar. Garðurinn sem hér um ræðir virðist kallaður Þvergarður og stundum Hagagarður. Annar garður liggur meðfram hálsinum og er hann einnig nefndur Hagagarður en stundum Skessugarður. Gengur Þvergarðurinn þvert á þann garð. Þriðji garðurinn er á merkjum Tungufells og Dælis. Hefur hann stundum verið nefndur Skessugarður. Ekki er öruggt hvor þessara síðast nefndu garða er í raun Skessugarður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSE, 74-75 sbr. KK III, 72 sem fer eftir þessari heimild

EY-149:020 heimild um kolagröf 65°52.158N 18°36.723V
Porsteinn Þorsteinsson ritaði um örnefni í Svarfaðardal um 1865: "[í tungunni] hefur þá verið skógur, en er nú eyddur, en mikil hrís er þar enn. Fyrir nokkrum árum síðan fannst þar gömul kolagröf á holti eður á melbarði, sem blásið hefur jörð af, en týnst á fyrrí tíð, og voru í henni skógvíðarkol úr afar digrum lurkum, ólik því, sem fast nú nokkurs staðar í þessari sveit." Ekki er vitað hvar kolagröfin var nákvæmlega á tungunni en sjálfsagt hafa þær áður verið víða. Svæðið er nú lyngivaxið og hvergi sjást þar grafir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 112

EY-149:022 garðlag túngarður 65°51.598N 18°38.417V
Myndarlegur túngarður er enn umhverfis stóran hluta túns í Tungufelli. Túngarðurinn er vel greinanlegt og sést fyrir ofan tún og einnig er nokkuð af suður og norðurhlíð garðsins greinileg. Hann hverfur rétt ofan við veginn sem liggur að Tungufelli og Melum. Garðurinn liggur í jaðri túns í Tungufelli en það er nú komið í órækt. Garðurinn er um 1,5 m á hæð og um 2 m á breidd. Hann er alveg gróinn og greinilegur á um 500 m parti.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

EY-149:023 gerði kartöflugarður 65°51.930N 18°38.486V

Fornleifaskráning

Um 10-20 m innan (og aðeins neðar) en 008 eru greinanlegar fremur óljósar leifar af kartöflugarði sem merktur er inn á túnakort frá 1917. Garðurinn er í túni sem nú er komið í örækt. Gerðið virðist vera um 10 X 15 m að stærð. Það er útfatt og ekki nema um 0,2 m á hæð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar



EY-149:024 gryfja mógrafir 65°52.005N 18°38.126V
Mógrafir eru m 20 m ofan við heimreiðina heim að Tungufelli og Melum, í suðaustur frá þeim stað þar sem áberandi lækjardrag er í fjallinu hinum megin í dalnum og tún þar fyrir neðan. Þýft og grasi gróið land um 250 m utan við núverandi íbúðarhús í Tungufelli. Kanturinn umhversfis grafírnar er þýfður. Mógröfin er að mestu upphornuð og grasi vaxin að nýju.

Hættumat: engin hætta

EY-149:025 Hagagarður garðlag 65°51.531N 18°37.829V
"Heimar á tungunni, fyrir utan þvergarð nokkurn, sem liggur þvert yfir tunguna millum árbakkanna, hafa í fyrndinni staðið tvö kot ... [Tungufelli er eignuð tungan] nema partikorn austanvert við garð þann, sem liggur frá fjallsöxl eftir miðjum hálsröðli [þ.e. Hagagarð] út í áðurnefndan þvergarð, hver partur er eignaður Dæli." segir í sóknarlýsingunum frá 1839. Myndarlegt garðlag er enn mjög greinilegt frá fjallsöxlinni og langleiðina niður að þjóðveginum sem liggur frá Svarfaðardal yfir í Skíðadal. Garðurinn virðist hafa verið nefndur Hagagarður en einhverjir vilja meina að þessi garður sé í raun Skessugarður (sem skráður er sem landamerkjagarður við Dæli). Landamerkjagarður Dælis og Tungufells gengur frá vegini og upp að þessum garði. Raflínustæðið sem er norðarlega í Prettalaut gengur eiginlega um Hagagarðinn og Skessugarðinn nálægt merkjum og skemmir þá báða á þessum slóðum. Gamlar götur (Koppagötur, sjá Dæli) liggja í gegnum Hagagarðinn nálægt þar sem Skessugarður kemur á hann. Garðurinn liggur niður lyngivaxinn ás. Hann er um 2-3 m á breidd og 0,8 m á hæð. Hann er um 2 km langur og nær efst úr hálsinum og niður að Þvergarði en er ekki greinanlegur neðan hans. Frá því þar sem garðlagið endar í Þvergarði og niður að þjóðvegi eru um 450-500 m.

Hættumat: hætta vegna vegaframkvæmda

Heimildir: SSE, 74-75

EY-165 Ytra-Hvarf

40 hdr. 1712. Bændaeign. Bænhús var á Hvarfi og hefur það líklega verið Ytra-Hvarf sem seinna var hærra metin en Syðra-Hvarf.

1847 var jörðin aðeins talin 15 hdr. Skriðukot var hjáleiga á 10 hdr.

1712 og fram á seinni hl. 19. aldar og var þá sameinað Ytra-Hvarfi. Þar var þó húsmannskot til 1929. Nokkur sumarbústaðabyggð er risin framan í Hvarfinu.

1917: 5.9 ha. 5/6 slétt. Garðar 820 m2. "Framan við Ósinn voru til skamms tíma hólmar, sem oft voru slegnir. Voru þeir síðustu minjar viðlendra og góðra engja, sem áin hefur að mestu lagt undir sig. Í áreiðargerð frá árinu 1702, sem enn er til, er sagt, að næstliðin 10 ár hafi Skíðadalsá eyðilagt 40 engjadagsláttur og er jörðin þá talin nær engjalaus. Hefur þá sennilega ekki verið slegið ofan melbarðanna annað en túnið, sem þá var mjög takmarkað. Eftir þetta hefur verið farið að heyja upp um hæðir og sund, gil, drög og bolla furðulega langt upp eftir fjalli, og hefur sá háttur haldizt fram á síðustu tíma, eða þar til túnræktin óx að marki." Ö-Svarf, 265.

1990: "Túnið liggur meðfram hlíðarrótunum suður að Hvarfinu ..." BE 1990, 214

EY-165:001 Ytra Hvarf bæjarhóll bústaður 65°52.669N 18°35.335V
Gamli bærinn stóð á nálega sama stað og íbúðarhúsið á Ytra-Hvarfi gerir nú. Gamli bærinn, sem merktur er inn á túnakort frá 1917 stóð þó nokkuð austar og hefur náð þangað sem bakgarðurinn, austan íbúðarhússins sem nú stendur, er. Íbúðarhúsið sem nú stendur er tveggja hæða steinhús án kjallara. Það stendur á lágri, um 1 m hárra, hæð sem er nokkuð afgerandi (20 X 30 m) nema að austan þar sem hæðin rennur saman við brekkuna ofan við.

Tunguvegur

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-165:002

heimild um hlöðu

65°52.669N 18°35.361V

Fjóshlaða var um 20 m vestan við gamla bæinn (001). Húsið er merkt inn á túnakort frá 1917 en engin merki sjást um það nú. Þar sem húsið hefur staðið er grasflót vestan við íbúðarhúsið á Ytra-Hvarfi. Á þessum stað er sléttadur grasflótur vestan við íbúðarhúsið og sunnan heimreiðar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-165:003

heimild um hjall

65°52.660N 18°35.315V

Um 10 m ofan við gamla bæinn (001) var áður hjallur sem merktur er inn á túnakort frá 1917. Hjallurinn stóð þar sem vesturjaðar verkfærageymslu er nú. Hjallurinn vék þegar verkfærageymsla var byggð á svipuðum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-165:004

heimild um smiðju

65°52.652N 18°35.302V

Um 20 m ofan við gamla bæinn (001) (og örlítið sunnar) stóð áður smiðja. Hún er merkt inn á túnakort frá 1917 en engin ummerki sjást nú um hana. Þar sem smiðjan var er nú suðausturhluti verkfærageymslu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-165:005

Porgeirshús

heimild um fjárhús

65°52.643N 18°35.274V

40-45 m ofan við gamla bæinn (001) og rúnum 20 m beint ofan við 004 voru áður fjárhús nefnd Porgeirshús. Húsin voru merkt inn á túnakort frá 1917 en hafa nú vikið fyrir nýum fjárhúsum á sama stað. Húsin sem nú standa eru á mjög myndarlegum grasi grónum hól, fast norðan við bæjarlækinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-165:006

Syðstihúshóll

heimild um úthús

65°52.642N 18°35.307V

"Yzti hóllinn ... sunnan og ofan við bæinn heitir Syðstihúshóll ..." segir í örnefnalýsingu. Tæpum 50 m suðaustan við gamla bæinn (001) og beint sunnan við 004 (örlítið ofar) var Syðstahús á Syðstahúshóll. Engin merki hússins sjást önnur en þau að dokk er í Syðstahúshóll. "Allt túnið sunnan Bæjarlækjar og neðan Suðurhóla er nú sléttad og nefnist einu nafni Suðurvöllur." Hóllinn er fast sunnan við bæjarlækinn. Umhverfis eru sléttuð tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 266

EY-165:007

Hesthúshóll

heimild um hesthús

65°52.603N 18°35.323V

"... neðan réttarinnar heitir Hesthúshóll, ..." segir í örnefnalýsingu. Um 100 m suðvestan við gamla bæinn (001) og um 50 m sunnan við 006 var Hesthúshóll og hesthús við hann. Engin merki eru nú um húsin í sléttuðu túninu. "Allt túnið sunnan Bæjarlækjar og neðan Suðurhóla er nú sléttad og nefnist einu nafni Suðurvöllur." Á þessum slóðum er fremur hæðótt en sléttuð tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 266 og Túnakort 1917

EY-165:008

réttartóft

65°52.589N


18°35.291V

Fornleifaskráning

"Fjárréttin var í horni gamla túnsins, syðst og efst ..." segir í örnefnalýsingu. Um 125 m innan og ofan við gamla bæinn (001) og 20-30 m ofan við 007 (og aðeins innar) sjást enn leifar réttarinnar sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Réttin er í túnjaðri og standa norður- og vesturveggir hennar enn. Norðan við réttina eru tún en sunnar eru móar. Réttin er á þýfðu svæði. Óp er á miðjum vesturvegg hennar. Réttin er nær alveg hlaðin úr grjóti sem þó er nokkuð gróið, sérstaklega að utan. Tóftin er um 7 X 12,5 m að stærð og um 1,2 m á hæð.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 270 og Túnakort 1917



EY-165:009

heimild um útihús

65°52.677N

18°35.196V

Um 70 m norðaustan við gamla bæinn (001) og 10 m neðan við mörk túns frá 1917 og beint ofan við Ysthús (020) var útihús skv. túnakorti frá 1917. Engin merki sjást nú um útihúsið og Ólafur Tryggvason man ekki eftir húsi á þessum stað. Þar sem húsið hefur staðið er nú grasflót.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-165:010

heimild um útihús

65°52.746N

18°35.070V

Um 200 m norðaustan við gamla bænn (001) og um 150 m norðan við 009 (og örlítið ofar) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engin ummerki eru nú um þetta hús. Þar sem húsið stóð er nú sléttan.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-165:011

Tröð heimild um traðir

65°52.674N

18°35.342V

"[Tungan sem bærinn stendur á] takmarkaðist af Bæjarlæknum að sunnan, en að norðan af Tröð (til heimreiðar um túnið)." segir í örnefnalýsingu. Tröðin er merkt inn á túnakort frá 1917. Hún lá skáhallt upp að gamla bænum og sker því heimreiðina sem nú liggur upp að bænum. Engin merki eru greinanleg um gömlu heimreiðina en þar sem hún var eru nú sléttuð tún og ný heimreið. Tröðin var upphlaðinn vegur. "Allt túnið sunnan Bæjarlækjar og neðan Suðurhóla er nú sléttan og nefnist einu nafni Suðurvöllur."

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 266

EY-165:012

frásögn af stekk

65°52.579N

18°35.361V

Um 40 m neðan við 008 og örlítið utar er hvammur rétt sunnan við túnjaðar. Í þessum hvammi er mjög þýft en svo virðist sem þar hafi verið tóftir sem nú eru næstum alveg hlaupnar í þúfur og ógreinilegar. Talið er líklegt að tóftirnar séu af stekk. Tóftin hefur verið í bolla en umhverfis eru hólar. Í jaðri hólanna má greina garðlag í námunda við hina meintu tóft. Ógerningur er að greina lag eða stærð þeirra tófta sem í bollanum hafa verið.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-165:013


garðlag

túngarður

65°52.606N

18°35.244V

Tunguvegur



Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 266

"Yzti hóllinn ... sunnan og ofan við bæinn heitir Syðstihúshóll, en efsti hluti [Suðurhóla] ofan við fornán túngarð nefnist Hrútagerði." segir í örnefnalýsingu. Á Hrútagerði voru tóftarbrot fast ofan við túngarðinn. Hvorki sjást nú leifar túngarðsins né tóftarbrotanna enda eru tún á þessum slóðum. Merki túngarðsins sjást hvergi en hann lá í boga sunnan við Hrútagerði og að réttinni. "Allt túnið sunnan Bæjarlækjar og neðan Suðurhóla er nú sléttáð og nefnist einu nafni Suðurvöllur." Túngarðurinn er kominn undir tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 266

EY-165:014 *Hrútagerði* heimild um úthús
 $65^{\circ}52.605N$ $18^{\circ}35.244V$

"Yzti hóllinn ... sunnan og ofan við bæinn heitir Syðstihúshóll, en efsti hluti [Suðurhóla] ofan við fornán túngarð nefnist Hrútagerði." segir í örnefnalýsingu. Á Hrútagerði voru tóftarbrot fast ofan við túngarðinn. Hvorki sjást nú leifar túngarðsins né tóftarbrotanna enda eru tún á þessum slóðum. "Allt túnið sunnan Bæjarlækjar og neðan Suðurhóla er nú sléttáð og nefnist einu nafni Suðurvöllur." Tún eru nú þar sem Hrútagerði var.

EY-165:015 frásögn um mógrafir

$65^{\circ}52.293N$ $18^{\circ}35.747V$

Svarðargrafir voru áður 750-800 m sunnan við gamla bæinn (001). Þær eru nú horfnar í tún. Þær voru ofan við þjóðveg, fremur norðarlega í syðsta túninu á Ytra-Hvarfi. Þær sem grafirnar voru er nú sléttuð tún.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-165:016 *Kofalaut* frásögn um úthús $65^{\circ}52.613N$ $18^{\circ}35.347V$

"... neðan réttarinnar heitir Hesthúshóll, og enn neðar Kofalaut." segir í örnefnalýsingu. Fast norðan við Kofalaut er Kofalautarhóll og á honum voru tóftir í minni Ólafs Tryggvasonar. Þessar tóftir hafa verið 50-60 m neðan við réttina 008. "Allt túnið sunnan Bæjarlækjar og neðan Suðurhóla er nú sléttáð og nefnist einu nafni Suðurvöllur."

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 266

EY-165:017 *Mánastaðir* örnefni $65^{\circ}52.693N$ $18^{\circ}35.352V$

"Norðurhluti túnsins heitir Útvöllur og er nú allur sléttáður, nema líttill hóll, sem kallast Mánastaðir." segir í örnefnalýsingu. Mánastaðir voru hóll í túni sem lengi vel var ósléttáður. Hann var um 50 m norðvestan við gamla bæinn (001). Alveg hefur nú verið rutt út úr hólnum og engin merki hans eru greinileg en hann hefur verið fast norðan við heimreiðina sem nú liggur heim að bænum. Þær sem hóllinn var eru nú rennislétt tún norðan heimreiðarinnar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 266

EY-165:018 frásögn af stekk $65^{\circ}52.176N$ $18^{\circ}35.865V$

Ólafur Tryggvason man eftir þremur stekkjartum í landi Ytra-Hvarfs. Einn þeirra stóð nálægt Hvarfinu, 900-1000 km sunnan við gamla bæinn (001). Engin merki eru nú greinileg um þennan stekk en hann hefur verið syðst í syðsta túninu sunnan Ytra-Hvarfs. Tóftin hefur verið þar sem nú er hæð í sléttuðu túni, um 10 m norðan við skurð sem afmarkar túnið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 267

Fornleifaskráning

EY-165:019 *Merkjagarður* garðlag 65°52.845N 18°35.350V
"Norðan við Pollalækinn er nú ca. 4 ha slétt tún út að svonefndum Merkjagarði, ..." segir í örnefnalýsingu. Merkjagarður milli Ytra-Hvarfs og Skriðukots var um 330 m beint norðan við ibúðarhúsið á Ytra-Hvarfi þar sem nú eru sléttuð tún. Engar leifar garðsins eru nú greinilegar en þar sem hann var eru sléttuð tún. Ofan þjóðvegar eru sléttuð tún en neðan hans er raskaður melur þar sem kuml fannst (022).

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 267

EY-165:020 *Ysthúsgerði* heimild um útihús 65°54.682N 18°35.282V
"Norðan við Pollalækinn er nú ca. 4 ha slétt tún út að svonefndum Merkjagarði, þar sem áður var Yzthúsmór og Yzthúsgerði, og er hlaðan, sem þar stendur enn kölluð Yzthús." segir í örnefnalýsingu. Ysthús voru 40-50 m norðan við gamla bæinn (001). Þar sem þau voru er nú suðurjaðar hlöðu.

Hættumat: hætta vegna byggingar

Heimildir: Ö-Svarf, 267

EY-165:021 *Troðningur* heimild um leið 65°52.534N 18°35.357V
"Sunnan við bæjarlækinn er götuslóðinn Troðningur, en þær götur lágu þvert yfir nafnlausa keldu á hellubrú." segir í örnefnalýsingu. Ekki man Ólafur Tryggvason eftir Troðningi og ekki sjást merki hans sunnan bæjarlækjar þar sem eru sléttuð tún. Sunnan við tún er þó vegarslóði sem liggur til suðurs og var mest notaður til að flytja hey. Vegarslóði þessi er upphleyptur og liggur yfir grasi gróið hólasvæði sunnan við tún og í gegnum Uslaréttina.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 267

EY-165:022 kuml legstaður 65°52.842N 18°35.329V
"Á merkjunum milli Skriðukots og Hvarfs er Merkjaklauf, lítil og lækjarlaus. Þar eru fornmannahaugar. Komu þar eitt sinn upp mannabein og a.m.k. eitt spjót. ... Um [mel þennan] liggur þjóðvegurinn." segir í örnefnalýsingu. "Haustið 1949 var unnið við vegagerð með jarðytu á bökkunum í túnfætinum á Ytra-Hvarfi, um 350 m norður af bænum. Varð þá vart kumlaleifa, sem ýtan hafði skafið ofan af, er hún hrúgaði grjóti og mold upp í veginn. Hefur þar að líkendum grafizt eitthvert haugfé. Þó er enginn efi á, að kumlateigur sá, sem þarna hefur verið, hefur fyrir eavalöngu verið ræntur. [KE] rannsakaði hauginn skömmu eftir að hann fannst. / Kumlateigurinn er alveg fremst á gömlum snarbröttum árbakka, og hefur vegur lengi legið á bakkabrúninni, framar en nýi vegurinn. Skammt ofan við bakkabréuna var mjög gamall vallargarður, sýnilega frá þeim tíma er tún var stærra en seinna varð. Á milli bakkabréunarinnar og garðsins voru kumlin. Fyrir nokkrum árum hafði verið sléttad yfir þau við túnrækt, en áður höfðu þarna sézt haugar litlir eða stórar þúfur með miklu af ársorfnu grjóti, sem að tölverðu leytti var rifið upp og velt fram af bakkanum við sléttunina. Jarðytan skóf miklu dýpra, svo að bert varð, að mannaverk voru á. Á kumlateignum funduðu tvær greinilegar grafir og nokkrar fleiri leifar." Kumlateigurinn var þar sem þjóðvegurinn liggur nú 330-350 m norðvestan við bæinn (001) og beint neðan við merkjagarðinn (019). Kumlateigurinn var þar sem þjóðvegurinn liggur nú en náði aðeins lengra til vesturs þar sem raskaður melur er nú milli þjóðvegar og vegarslóða nokkru vestar.

"1. kuml. Mjög aflöng gróf. 4.75 m að lengd, 80 sm að breidd, skýrt afmörkuð og ferköntuð, sneri því sem næst N-S. Dýpt hennar var um 65-70 sm, þr af um 25 sm ofan í hreina sjávarmöln, en upprunalega hefur dýptin verið meiri. Grófin var full af margvislegum malar- og moldarblendingi, og voru þar í margir stórir steinar, allir aðfluttir, fletir í norðurenda. Í grófinni höfðu verið maður og hestur, maðurinn í suðurenda á 2 m löngu svæði, með höfðið í suður. Engin fundust þó bein hans, en þetta má með vissu ráða af því, að inn undir grafarbakkanum að austan lá spjót, og vísaði oddurinn í norður og þá einnig fætur mansins. Spjótið ber líklega að telja til hinnar spengilegu I-gerðar, Sverð 20. Það er nú 42 sm að lengd, en þó vantar á það því nær allan falinn, svo að aðeins er eftir efsti geirnaglinn. Hann er úr bronsi og stendur langt út úr báðum megin. Annars fannst í grafrími mansins sproti úr bronsi, með stílfærðum dýrhaus, og járnmalar óskilgreinanlegir. / Í norðurenda grafarinnar hafði verið heygður hestur, og var þar mjög mikið af hrossbeinum og grjóti, óvenjuleg stóru. Beinin voru þó aðeins úr einum hesti, nema hvað tennur voru úr tveimur, og kunna þær að hafa borizt úr öðru kumli við jarðraskið. Með hrossbeinunum voru mjög ryðuð járnstykki úr söðli, gjarðarhringja og bólur margar úr söðli, gerðar sem kúptir hnappar úr bronsþynn. / Augljóst er, að 1. kuml hefur verið rifið upp fyrir löngu, mansbeinin fjarlægð, hrossbeinunum raskað, haugfé rænt, en spjótið eitt skilið eftir, líklega af því að það hefur

Tunguvegur

falbrotnað þegar til þess var gripið. / 2. kuml. Þetta kuml var rúmum 5 m vestar og lítið eitt sunnar en 1. kuml. Það var gröf með líku sniði og hin, grafin álíka djúpt, 3,5 m að lengd, 75-100 sm að br. Sneri N-S. Í norðurendanum var mikil hrossbeinahrafl ásamt gjarðarhringju og ryökókkum og nöglum úr söðli, en í suðurenda ekki annað en ryðmolar. Sýnilega var gröfin uppgrafin fyrir löngu, og virðist hafa hagað eins til og í 1. kumli, maðurinn í suðurenda, hestur til fóta. / Á þremur stöðum utan þessara grafa voru mannabeinaleifar, á einum fjórar tennur, öðrum óskilgreinanlega leifar, en nyrzt, ærið langt frá, hrafl af beinum manns og hests. Auk þessa fundu jarðytumenn í vegarfyllingunni einn vel varðveittan lærlegg, eina heillega mannsbeinið úr kumlateignum. Vera má, að sumt af þessum beinum hafi upprunalega verið í grófunum tveimur, en þó verður ekki með vissu um það sagt né upprunalegan fjölda grafa á kumlateignum."

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Svarf, 267; KEKH, 115-17

EY-165:023

heimild um leið

65°52.858N 18°35.366V

"Kumlateigurinn er alveg fremst á gömlum snarbröttum árbakka, og hefur vegur lengi legið á bakkabrénninni, framar en nýi vegurinn. ... Á milli bakkabrénnarinnar og garðsins voru kumlin." segir í lýsingu Kristjáns Eldjárns á kumlinu 022. 15-20 m neðan við þjóðveg og um 350-360 m norðvestan við bæinn er vegarslóði sem er síðustu leifar eldri vegar. Hann sést á kafla hér og þar en melnum sem hann liggur á hefur annars verið mikil raskað. Melurinn er vaxinn lyngi og mosa en er raskaður.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: KEKH, 115

EY-165:024

akrar

garðlag

65°51.864N 18°35.949V

"... sunnan under Hæð nockurre edur Leite, Hvarf nefndu, þar sem Skídadalar skér sig frá þeim eiginliga Svarfadardal, í góðu skjóle fyrer Nordannædígum, finnast og siást Merke til margra Garda sem ímsliga liggja og hvör um annan. Einn einaste Madr í Bygdarlagénu hefir gétagd géfid mér þá Upplísingu hérum, at hann af Forfedrum sinum - greindum Mönnum - heyrt hafe, þat slíker Gardar hafe af fornmönnum brúkader verit til Sánings og Ræktunar Vaxta þeirra er þeir skyldu hafa gert ÖL edur Munngát sitt af." segir í fornleifaskýrslu frá 1818. Hvarf nefnist hæðasvæði syðst í landi Ytra-Hvarfs en Syðra-Hvarf er á sjálfu Hvarfinu. Í Hvarfinu eru nokkrar hæðir en ekki vitað um neinar akurgirðingar og er hugsanlegt að þær hafi verið í landi Syðra-Hvarfs. Á Hvarfinu hefur nú risið sumarbústaða-byggð. Svæðið er nokkuð þýft, eilitið grýtt og lyngivaxið. Þar er hafin skógrækt.

Heimildir: FF II, 540

EY-165:025

Elinargerði

heimild um býli

65°52.454N 18°35.508V

"Elínargerðislækur fellur fram um Suðurmela niður í Flóa ..." segir í örnefnalýsingu, og ennfreymur: "Elínargerðismór ... er beint suður af túni. Efst í honum stóð býlið Elínargerði, kennt við Elínu, sem munnmælin segja að Þorbjörn illi, bóndi á Ytra-Hvarfi hafi banað. Á þarna að vera leiði Elínar þessarar." [sbr. 034]. Elínargerði var þar sem nú eru sléttuð tún um 400 m sunnan við bæinn (001). Engin merki sjást um býlið en þar sem það var er nú hæð efst í túni.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 268, 269

EY-165:026

Ytra-Hvarfsstekkur

stekkjartóft

65°52.132N 18°36.075V



"Ytra-Hvarfsstekkur er sunnan í Stekkjarmel. Þar heitir Stekkjarhvammur. Í hvamminum er Stekkjarbolli og Stekkjarkakki. Hann nær suður að Yztubrekkumel. Í ánni var Stekkjárholmi og Stekkjareyri (sunnar)." segir í örnefnalýsingu. Ytra-Hvarfsstekkur var einnig stundum nefndur Gamli-Stekkur. Hann er rúmlega 1 km innan og neðan við bæinn (001). Hann sést enn greinilega um 15 m neðan við þjóðveg, norðarlega í Hvarfinu. Stekkurinn er nálega til móts við Réttarhvamm í landi Tungufells. Stekkurinn er um 100 m sunnan við syðstu tún á Ytra-Hvarfi. Stekkurinn er í hvammi ofan árbakkans. Umhverfis

Fornleifaskráning

stekkinn eru lyngivaxnir móar. Stekkurinn er 15 X 6 m að stærð og op er á austurhlið hans. Hann virðist tvískiptur. Garðlag liggur skáhallað meðfram norðurhlið stekksins (042).

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Svarf, 268

EY-165:027 Kofamelur heimild um smalakofa 65°52.081N 18.36.083V
"Á [ár]bakkanum er Kofamelur, kenndur við hjásetukofa, sem þar stóð fyrrum." segir í örnefnalýsingu. Ólafur Tryggvason kannast ekki við örnefnið Kofamel en það hefur þó verið sunnan við stekkinn 026. Engar tóftir eru hins vegar greinanlegar þar, neðan þjóðvegar. Lyngi vaxinn, þýfður melur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 268

EY-165:028 Brúarmelur hleðsla brú 65°51.869N 18°36.176V
"Yztubrekkurmelur er snarbrattur ofan í á. Sunnar er Brúarmelur, kenndur við brúna, sem byggð var 1896. Neðan hans er Brúarhvammur." segir í örnefnalýsingu. Enn sjást hlaðnar leifar brúar sem byggð var 1896 beggja vegna árinnar. Gamla brúin var um 120 m norðan við þá brú sem nú er á veginum og rúnum 200 m neðan við þjóðveginn. Brúin var í Brúarhvammi sem er nokkuð þýfður og gróinn grasi og víði. Nokkuð bratt er upp úr hvamminum. Austanmegin er brúarhleðslan um 9-10 m löng og 2 m á hæð og breidd. Á móti virðist hleðslan nokkrum styttri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 268

EY-165:029 frásögn af öskuhaug 65°52.653N 18°35.302V
Öskuhaugur fyrir Ytra-Hvarf var fyrst sunnan við bæinn en var síðar færður ofar, sunnan við smiðju (004). Öskuhaugurinn hefur verið fast norðan við bæjarlækinn. Þar sem haugurinn var er nú sléttad svæði en örliðið af timbri og rusli er þar enn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Svarf, 268

EY-165:030 Geldingatóftir tóft
"Vallgrónar tóftir upp af Yzthússundi og neðan við Stórholtið heita Geldingatóftir." segir í örnefnalýsingu. Geldingatóftir eru beint upp af 010 og liggur fjallgirðingin beint yfir tóftina. Tóftin er um 350 m norðaustan við gamla bæinn (001). Tóftin er á hæð á grasi grónu þýfðu svæði ofan við efstu túni. Tóftin er 12 X 7 m og er tvískipt. Svo virðist sem garði gangi eftir stærra hólfINU (vestara) endilöngu. Fjallgirðingin gengur þvert yfir austasta hluta tóftarinnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 268

65°52.707N 18°34.891V




EY-165:031 seltóft 65°52.673N 18°34.780V
"Sunnan [Merkisgils] eru aðrar tóftir, Seltóftir." segir í örnefnalýsingu. Um 100 m ofan við Geldingatóftir 030 og um 20 m sunnar er seltóft. Tóftin er efst og nyrst í eins konar bolla. Selið er 410-430 m ofan og utan við gamla bæinn (001). Í balanum er nokkur grasvöxtur en það fer fjarri að vera eins þýft og lyngivaxið og er umhverfis balann (nema vestan hans). Tóftin er þó lyngivaxin. Tóftin er 7 X 5 m að stærð og tvískipt. Op er á bæði hólfINU til vesturs. Norðan við tóftina virðist mega sjá móta fyrir þriðja hólfINU en það er mjög óljóst.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 268

EY-165:032 Álfhóll heimild um huldufólksbústað 65°52.490N 18°35.156V

Tunguvegur



"Ofantil í [Ennum] heitir Miðholt og suður af því er Ytra-Álfhólsholt. Hjallabrunin þar sunnan við er Álfhólshausinn, en ofan við hann er Álfhóllsund." segir í örnefnalýsingu, og ennfremur: "Elínargerðisund nær upp undir Álfhólinn, sem er langur melhóll ... Framan í Álfholi er geysistór steinn, Álfhólssteinninn, talinn mikill huldufólsbústaður. Hóll þessi er þrískiptur ofantil og heita hlutarnir Yzti-, Mið- og Syðsti-Álfhólskollur, og er hinn síðastnefndi hæstur." Álfhóll er um 350 m suðaustan við bæinn, nokkuð ofan við efstu tún. Höllinn er langur og liggur norður-suður. Álfhólssteinninn er nyrst eða norðvestast í hólnum. Steinninn er ekki hár en liggur í brekkunni og er 2-3 m á lengd. Álfhóll er melhóll sem að hluta er gróinn lyngi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 269, 270

EY-165:033

þjóðsaga

legstaður

65°52.456N 18°35.486V

"Elínargerðismór ... er beint suður af túni. Efst í honum stóð býlið Elínargerði, kennt við Elínu, sem munnmælin segja að Þorbjörn illi, bóndi á Ytra-Hvarfi hafi banað. Á þarna að vera leiði Elínar þessarar." segir í örnefnalýsingu. Elínargerði stóð þar sem nú eru sléttuð tún um 400 m sunnan við bæinn (001). Engin merki sjást um býlið en þar sem það var er nú hæð efst í túni. Austarlega á hólnum var dæld sem þótti "grafarleg". Þegar höllinn var sléttuður var farið sérstaklega varlega á þessum stað en ekkert kom upp.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 269

EY-165:034

Uslarétt

gerði

65°52.535N 18°35.365V

"Sunnan við Efsta-Steinhól heitir afmarkað svæði Uslarétt, vafalaust forn nátthagi. Þetta er h.u.b. dagslátta að stærð, hringlagað og garðhleðslur umhverfis. Hölkollar er þar inní og húsatóft á honum, en nafn vita menn ekkert á þeim stað." segir í örnefnalýsingu. "Fyrir sunnan og ofan bæinn á Ytrahvarfi, 250-300 m, og ofan gamla túnsins eru nokkrir tölувert fyrirferðamiklir hólar og heita Steinhólar, sá efsti þeirra Efsti-Steinhóll. Standa hólar þessir í brekkum, sem verða frá láréttu megitúninu á Ytrahvarfi. Sunnan við Efsta-Steinhól er gamall torfgarður mjög

greinilegur, óreglulega hringlagaður og nokkru meiri upp og ofan eftir brekkunni en þvert yfir um. Girðing þessi er um það bil ein dagslátta að stærð. Innan í henni er allt í þýfi en þar ber þó mest á dálitlum hólkollum og efst á honum er svolstíl hústóft. Girðing þessi á Hvarfi heitir Uslarétt ... Staðinn skoðaði [KE] með Ólafi Tryggvasoni bónda á Ytrahvarfi 26 sept. 1975. Uslarétt er enn í góðu gildi og verður ekki skert, en yfir hana liggur nú upphækkaður heyflutningsvegur og á einum stað hefur malargryfubarmur seilst ögn yfir

Fornleifaskráning

garðinn. Ólafur á Ytrahvarfi hefur fullan hug á að láta þetta mannvirki ekki verða fyrir frekara hnjasí." KE: Uslaréttir, Árbók 1980, 106. Uslaréttin er beint neðan við Álfhólsstein í Álfholi á hólasvæði sunnan og ofan við tún. Hólarinn eru mjög þýföir og á kafi í grasi en ekki er óhugsandi að fleiri garðlög hafi legið um þá. Tóftin er ógreinileg en hefur verið um 6 X 4 m að stærð. Uslaréttin er hins vegar um 70 m á lengd en 40-45 m á breidd og sporöskjulaga. Breidd veggja er um 2 m en hæð þeirra er 0,3 m. Tóftin er á litlum hól fast neðan við heybandsveginn. Hún er nálægt því að vera í réttinni miðri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 269; KE: Uslaréttir, Árbók 1980, 106.

EY-165:035 *Torfholt* örnefni rista 65°52.307N 18°35.704V
"Neðan Hallanna eru Torfholtin: Litla-, Ytra- og Syðra-Torfholt. Þá er Torfholtslækur og sunnar Torfholtssund, en neðar Króksmóar (Torfholtsmóar) og Torfholtsslói." segir í örnefnalýsingu. Torfholtin voru þar sem nú er sléttöld tún um 120 m ofan við þjóðveg og um 700 m sunnan við bæ. Engin merki um torfristuna eru nú greinileg en þar sem hún var er nú sléttöld tún.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 269

EY-165:036 frásögn af öskuhaug 65°52.568N 18°35.332V
Sunnan við gamla bæinn (001) var öskuhaugur þar sem matjurtagarður er nú í bakgarði íbúðarhússins. Öskuhaugurinn var síðar færður ofar í hlíðina (sjá 029). Alveg hefur verið sléttöld úr öskuhaugnum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-165:037 *Kvíamór* örnefni kvíar 65°52.567N 18°35.213V
"Fjárréttin var í horni gamla túnsins, syðst og efst, en þar ofan við Kvíamór upp að Kvíholi, sem er sunnan við Bæjarlækjargil." segir í örnefnalýsingu. Kvíahóllinn er fast sunnan við bæjarlækinn og beint 60-70 m ofan við réttina (008). Ekki eru tóftir á eða við hólinn en hugsanlegt að nafn hans sé annaðhvort dregið af réttinni (008) eða stekkjartóftunum sem voru neðan við réttina. Hóllinn er grasi gróinn en neðan hans er þýfður hagi ofan túns.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 270

EY-165:038 *Pórarinsbolli* álagablettur 65°52.407N 18°35.165V
"Sunnan undir [Ysta-Álfhólskoll] er Pórarinsbolli, graslaut, talin álagablettur. Heitir hann svo af því, að Pórarinn sló lautina, án þess að mein yrði að, en það þótti svo miklu tilindum sæta, að nafn mannsins festist á staðnum. Þarna ofan við er graslendisflæmi, sem var talið 100 hesta heyland, Álfhólsengið." segir í örnefnalýsingu. Álfhóll er um 350 m suðaustan við bæinn nokkuð ofan við efstu tún. Hann er langur og liggur norður-suður. Álfhóll er eiginlega myndaður úr 3 hóltoppum og er Pórarinsbolli ofan við hóllinn í skjóli milli syðri hóltoppanna tveggja. Ofan við hólinn er rakt og sléttöld svæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 270

EY-165:039 náma mógrafir 65°52.414N 18°35.872V
Svarðargrafir voru innan og neðan við gamla bæinn (001) um það bil sem nýi vegurinn kemur til með að liggja. Grafirnar eru enn merkjanlegar um 100 m neðan við þjóðveginn og um 550 m suðvestan við íbúðarhúsið á Ytra-Hvarfi. Á svipuðum stað liggur vegaslóði frá þjóðveg og í sveig niður á árbakkann. Grafirnar koma til með að lenda fast sunnan við nýja veginn. Svarðargrafirnar eru á sléttum bakka. Þær eru mjög rakar og vaxnar grasi.

Hættumat: mikil hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Svarf, 270

EY-165:040 *Álagabölli* álagablettur 65°52.617N 18°34.684V
"Merkishryggur er sunnan við Yztgil, en sunnar er Merkishryggur. Á honum er Álagabölli (Heimildarmaður sló hann þó einu sinni og varð ekki fyrir öðru tjóni en að brjóta orfið)." segir í örnefnalýsingu. 500-600 m norðaustan við gamla bæinn og 120-130 m ofan við fjallgirðingu er Álagabölli. Hann er beint ofan við selið 031. Böllinn er vaxinn grasi og er nokkuð rakur. Rakur, grasi vaxinn bölli.

Tunguvegur

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svarf, 270

EY-165:041 Sveitarlangur garðlag 65°52.403N 18°35.167V
"Sveitarlangur er ævafornt mannvirki, sem viða sér fyrir. Hefur þetta verið mikil garðhleðsla (sameiginlegur göngugarður?), sem e.t.v. hefur legið um endilangan dalinn. Í Ytra-Hvarfslandi liggur Sveitarlangur í fjallskrikanum, um það bil sem hlíðinni sleppir." segir í örnefnalýsingu. Sveitarlangur sést viða í landi Ytra-Hvarfs. Hann er nokkuð greinilegur fast ofan Álfhóls. Umhverfis garðinn er grasi vaxin og þýfð hlíð. Garðurinn er 2-3 m á breidd en um 0,5 m á hæð. Hann er alveg gróinn.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svarf, 271

EY-165:042 garðlag 65°52.144N 18°36.014V
"Utan við Yztubrekku liggur svo annar garður af [Sveitarlangi] þvert niður til árinnar og stefnir á svipaðan garð hinum megin ár, um það bil sem heitir Kaupstaðarvammur. Bendir þetta til eins konar vegagerðar og samgangna yfir Skíðadalsá á þessum stað." segir í örnefnalýsingu. Garðlag liggur frá brekkunni ofan við flatan árbakkann og skáholt fram hjá Gamla-Stekk norðan hans. Garðlagið fjarar út í námunda við þjóðveg og er mjög óljóst ofan hans. Það hefur þó líklega legið norðan í Hvarfinu þar sem túnjaðar er nú. Garðurinn liggur yfir mel. Garðlagið er a.m.k. 50-60 m á lengd og 1,5-2 m á breidd en 0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svarf, 271

EY-165:043 heimild um bænhús 65°52.672N 18°35.335V
1487: er uppi DI V 356. Ekki er vitað hvar bænhúsið á Ytra-Hvarfi hefur staðið og engar kenningar eru upp um staðsetninguna. Ekki eru heimildir fyrir því að bærinn hafi staðið á öðrum stað en hann gerir nú og líklegt verður að teljast að bænhúsið hafi verið í námunda við bæinn. Þar sem hnit voru tekin er nú hlað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: DI V 356

5. Kafla. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar

Að lokinni heimildakönnun og vettvangsrannsókn er ljóst að á framkvæmdasvæðinu og í næsta nágrenni er vitað um 94 minjastaði sem teljast samkvæmt lögbundinni skilgreiningu fornleifar og eru því friðhelgir. Ljóst er að mestur hluti þessara staða er ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en jafnframt er mögulegt að fleiri minjar leynist á framkvæmdasvæðinu sem ekki eru til heimildir um og ekki sjást vísbendingar um á yfirborði. Í eftirsarandi umfjöllun er greint frá þeim stöðum sem þekktir eru og fyrirsjáanlegt er að gætu orðið fyrir raski vegna framkvæmdanna.

Áætlað er að veglinan liggi frá þjóðveginum austanmegin í Svarfaðardal til vesturs um 400 m sunnan við heimreiðina að Ytra-Hvarfi. Ekki hefur endanlegt vegastæði verið valið á þessum slóðum heldur eru tvær tillögur, A og B, uppi. Tillögurnar tvær liggja samsíða á um 1100 m svæði þar til þær sameinast og sameinast þá einnig veginum sem nú liggur um svæðið um hálsinn miðjan. Ekki eru nema um 70-80 m milli vegarstæðanna tveggja og er tillaga A lengra til norðurs. Á þessum fyrsta vegkafla (0-

Fornleifaskráning

1200) eru tvær fornleifar sem teljast í hættu vegna vegagerðar. Fyrst er að nefna **mógrafir** (Ey-165:039) sem eru um 550 m suðvestan við bæ á Ytra-Hvarfi og 100 m neðan við Skíðadalsveg. Ef tillaga A verður fyrir valinu kemur hún til með að liggja í gegnum þessar grafir en tillaga B 30-50 m sunnar. Í báðum tilfellum teljast grafirnar í hættu. Engar heimildir fundust um grafirnar og er því ekkert vitað um aldur þeirra. 500-600 m suðvestan við grafirnar og vestan við Skíðadalsá var áður **býlið Tungukot Ytra** og síðar **þinghús** hreppsins fram til 1900 (Ey-149:012). Þessum stað hefur nú algerlega verið raskað og engar leifar eru sjáanlegar á yfirborði nema það sem virðist vera stuttur garðspotti austan við meint býlisstæði. Hugsanlegt er að einhverjar leifar séu neðanjarðar. Staðurinn er í um 100 m fjarlægð var vegastæðunum (örlítið lengra frá tillögu B) og telst því í nokkurri hættu þess vegna.

Hið nýja vegastæði liggur á næsta kafla (1200-1800) á mjög svipuðum slóðum og vegurinn gerir nú. Eina frávikið er þar sem vegurinn sveigir niður að Svarfaðardalsá. Þar



Býlið Kringla (Ey-149:016), horft til vesturs

er áætlað að hann liggi örlítið norðar en vegarstæðið gerir nú og því verður nýja brúin fast norðan við þá sem notuð er í dag. Á þessum hluta vegarins telst ein fornleif í hættu. Þetta er **býlið Kringla** (Ey-149:016) sem er um 20 m sunnan við Tungufellsveg sem nú er í notkun og um 10 m austan við veginn sem liggur að Tungufelli og Melum. Á þessum stað

Tunguvegur

sjást verulegar leifar af býlinu og vallargarði í kring og er hvort tveggja friðlýstar formminjar. Áætlað vegastæði mun raunar liggja 10-20 m fjær (norðar) rústunum en vegurinn sem nú er. Þrátt fyrir það er nálægðin við vegastæðið enn svo mikil að minjastaðurinn telst í töluverðri hættu sökum þessa.

Síðasti kafli vegarins (1800-2342) liggur yfir Svarfaðardalsá á nýrri brú fast norðan við núverandi brú en síðan mun hið nýja vegarstæði nær alveg fylgja því gamla vestur að Svarfaðardalsvegi. Í námunda við þennan kafla leiðarinnar var einungis skráð ein fornleif. Um 10-20 m norðan við núverandi brúarstæði, var áður **rétt** (Ey-131:016) í s.k. Réttarhvammi. Líklegt er að þar hafi torf- eða grjótrétt verið um nokkurt skeið en vitað er að síðast stóð á þessum stað rétt úr timbri. Var hún rifin fyrir nokkru og er nú á þessum stað rennislétt grænfóðurstún. Engar minjar eru því sjáanlegar um réttina á yfirborði jarðar en hugsanlegt að einhverjar leifar megi greina undir yfirborði jarðar.

6. Kafli. Tillaga um aðgerðir

Að lokinni heimildakönnun og rannsókn á vettvangi hefur komið í ljós að vitneskja liggur fyrir um fjórar fornleifar sem lenda í eða við vegarstæðið.

Svarðargrafir Ey-165:039 lenda í vegarstæðinu eða skammt frá því eftir því hvort leið A eða B verður farin. Ekki er þörf á sérstökum aðgerðum vegna þessa. Mógrafirnar hafa þegar verið skráðar, staðsetning þeirra og umfang er þekkt og varla von til að meiri upplýsingar fáist um þær. Þær hafa því ekkert varðveislugildi. Þar fyrir utan er óvist að þær séu eldri en 100 ára og teljist þannig til fornleifa.

Hinum stöðunum þremur sem eru skammt frá hinu áætlaða vegastæði þarf hins vegar að gæta að. Það eru **býlið Tungukot Ytra** og **þinghús** Ey-149:012, **býlið Kringla** Ey-149:016 og **rétt** Ey-131:016. Nauðsynlegt er að merkja þessa minjastaði með áberandi hætti til að minjarnar skemmist ekki af vangá við umferð vinnuvéla o.p.h.

7. Kafli. Niðurlag

Í skýrslulok er rétt að geta þeirra takmarka sem eru á þessu mati. Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornar mannvistaleifar er nýjung hér á landi og enn er langt í land að unnt sé að skera úr með fullri vissu að veglína hafi verið valin á þann hátt að

Fornleifaskráning

engin hætta sé á að minjar finnist þar síðar. Við framkvæmdir verður að hafa í huga að fornleifar geta komið óvænt í ljós og að stöðva þurfi framkvæmdir vegna þess þar til úrskurður fornleifanefndar er fenginn sbr. 20. gr. þjóðminjalaga.

Við vettvangsathugun í Svarfaðardal kom fram að fjórir minjastaðir lenda í eða við áætlað vegaðstæði Tunguvegar. Í skýrslunni er lögð fram tillaga að því hvernig skuli bregðast við.

Heimildir

Heimildamenn:

Hreiðarsstaðir-Sölví Haukur Hjaltason 20.05.52
Ytra-Hvarf-Ólafur Tryggvason 09.06.20

Óprentaðar heimildir:

Fornleifastofnun Íslands

ÍSLEIF, gagnagrunnur um íslenskar fornleifar, Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson ritsj.

Pjóðminjasafn Íslands

Ágúst Ó. Georgsson, *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík 1990.

Pjóðskjalasafn Íslands

Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1917. Svarfaðardalur. Pjóðskjalasafn Íslands.

Héraðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu

Örnefnaskrá Svarfaðardals, Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman.

Prentaðar heimildir:

BE: *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, fyrra bindi, Reykjavík 1912-1990.

DI: *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Reykjavík 1983.

ÍF: *Íslensk fornrit I-*, Reykjavík 1933-.

Íslendinga sögur, VIII. bindi, Reykjavík 1943

Jarðabréf frá 16-17. öld: útdrættir. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar.
Kaupmannahöfn 1993.

JJ: Jarðatal Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, X. Eyjafjarðarsýsla,
Kaupmannahöfn 1943.

KEKH: Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Akureyri, 1956.

